



Keraflex



**Hágæða sigfrítt
sementsbundið lím
fyrir keramikflísar
og steinefni með
langan opinn tíma**

FLOKKUN Í SAMRÆMI VIÐ EN 12004

Keraflex er endurbætt (2) sigfrítt (T) sementsbundið lím (C) með langan opinn tíma. (E) í flokki C2TE.

*Keraflex er CE merkt, eins og lýst er í **ITT** vottun n° 25040476/Gi (TUM) útgefin af rannsóknarstofu Technische Universität München (Þýskalandi).*

NOTKUNARSVIÐ

Líming innanhúss og utan á keramikflísum, náttúrusteini og mósaík af öllum gerðum á gólf, veggi og loft. Hentar einnig til punktlímingar á einangrunarefnum, svo sem froðuplasti, steinull og glerull, Eraclit® (tré-steypu plötur), hljóðdeyfiplötum, ofl.

Nokkur dæmi um notkun

- Líming innanhúss og utan á keramikflísum, náttúrusteini og mósaík á eftirfarandi efni:
 - Veggjapússningu úr sementi eða múr.
 - Veggj úr steypuplötum.
 - Gips eða anhydrid eftir að **Primer G** hefur fyrst verið borinn á.
 - Gipsplötur.
 - Gólfhitalagnir, aðeins með flísar minni en 900 sm².
 - Sementsmúr.
 - Málaðir veggir innandyrar, svo lengi sem málningin hefur góða viðlöðun.
 - Vatnspéttihúð úr **Mapelastic** eða **Mapegum WPS**.
- Flísalögn á flísar sem fyrir eru með flísum allt að 900 sm².
- Líma litlar flísar í sundlaugum og pottum.



Keraflex



Lögn á forslípuðum marmara á gólf



Lögn á einbrenndum flisum á vegg með froðuplasti



Einbrenndar flísar á terassóflísar á útvegg

- Líming á gólfum með miklu álagi.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Keraflex er grátt eða hvítt duft úr sementi og fínmöluðu fylliefni. Það inniheldur mikið magn af límeftum á gervigrunni og sérstökum íblöndunarefnum samkvæmt formúlu sem þróuð er á rannsóknarstofum MAPEI. Múrlögun með eftirfarandi eiginleikum næst fram þegar efnið er blandað vatni:

- Mjög auðvinnanlegt.
- Mjög seigfljótandi Hægt er að bera **Keraflex** á lóðrétt yfirborð án þess að það leki eða láti flísarnar síga, jafnvel þyngri flísar. Hægt er að leggja flísar ofanfrá og niður án þess að nota millibilskrossa.
- Fullkomin líming við öll efni sem venjulega eru notuð í byggingum.
- Harðnar án merkjanlegs samdráttar.
- Lengri vinnslutími.

RÁÐLEGGINGAR

Notið ekki **Keraflex**:

- Á steinsteypu sem dregst mikið saman.
- Á vegg og gólf sem verða fyrir mikilli hreyfingu eða titringi (tré, trefjasteypu ofl).
- Á yfirborð úr málm.
- Við lögn þar sem þörf er á þykkara lagi af lími en sem nemur 5 mm.

NOTKUNARREGLUR

Undirbúningur yfirborðs

Yfirborðið verður að vera flatt, traust, án lausra hluta, feiti, olíu, vax ofl. Rakt yfirborð getur hægt á hörðun **Keraflex**.

Yfirborð úr sementsefnum á ekki að verða fyrir samdrætti eftir lögn á keramikflisum, þess vegna þarf á vori eða sumartíma að láta múrinn þorna hið minnsta í eina viku fyrir hvern sentímetra þykktar, og sementsmúrlögn þarf hið minnsta að þorna í 28 daga alls, nema að hún sé búin til með sérstökum bindiefnum, svo sem **Mapecem**, **Mapecem Pronto**, **Topcem** eða **Topcem Pronto**.

Bleytið létt með vatni til að kæla yfirborð sem hefur hitnað í sólarljósi.

Gipsyfirborð og efni sem innihalda gips verða að vera algerlega þurr (mámarks raki 0,5%), nægilega hörð og ryklaus, Það er mjög mikilvægt að meðhöndla þau með **Primer G** eða **Mapecrim SP**, en svæði sem vænta má meiri raka verður að grunna með **Primer S**.

Blandan undirbúin

Blandið **Keraflex** með hreinu vatni þar til að hræran er kekkjalaus. Látið biða í um það bil 5 mínútur og hrærið síðan í á ný. Notið 29-31 hluta af vatni í hverja 100 hluta samkv. vikt af gráu **Keraflex** og 30-32 hluta í hverja 100 hluta samkv. vikt af hvítu **Keraflex**, - sem samsvarar 5.8-6.2 lítrum af vatni í hver 20 kíló af gráu **Keraflex** og 6-6.4 lítrum af vatni í hver 20 kíló af hvítu **Keraflex**. Blandað á þennan hátt hefur **Keraflex** 8 klukkustunda líftíma.

Blandan borin á

Keraflex er borið á yfirborðið með tenntum spaða. Veljið spaða sem nær alveg yfir bakhlið flísanna.

Til að ná fram góðri viðlöðun, berið þunnt byrjunarlag af **Keraflex** á efnið með því að nota flötu hliðina á spaðanum. Berið æskilega þykkt af **Keraflex** strax í kjölfarið, með hæfilega tenntum spaða, sem fer eftir gerð og stærð flísa (sjá "Þekingu").

Fyrir flísalögn á gólf og veggj utandyra, stærðir meiri en 900 sm², gólf sem búið er að flota fyrir lögn eða verða fyrir miklu álagi, þegar flísar eru lagðar í sundlaugar og potta sem fyllt verða með vatni, dreifið úr líminu á bakhlið flísanna (baksurningur) til að tryggja fullkomna þekingu.

Flísarnar settar á

Það er ekki nauðsynlegt að bleyta flísarnar áður en þær eru lagðar. Aðeins er mælt með að dýfa þeim í hreint vatn ef bakhliðin er mjög rykug.

Leggja þer flísar með góðum þrýstingi til að tryggja góða þekingu á líminu.

Við eðlilegt hitastig og rakastig, þá er opinn tími á **Keraflex** um það bil 30 mínútur. Óheppilegar veðuraðstæður (sterk sól, þurr vindur, hátt hitastig ofl.) eða mjög vatnsdrægt yfirborð getur stýtt tímann, jafnvel í nokkrar mínútur.

Það er því nauðsynlegt að athuga vandlega að húð sé ekki farin að myndast á yfirborði límsins sem búið er að dreifa og ætti að haldast ferskt. Ef ekki, endurvekið límið með því að dreifa aftur úr því með tenntum spaða.

Það er ekki mælt með að bleyta límið með vatni ef húð hefur myndast, því í stað þess að leysa upp húðina þá myndar vatnið himnu sem hindrar límingu.

Ef þörf krefur, þá ætti að stilla flísarnar af innan 60 mínútna frá lögn.

Flísar sem lagðar eru með **Keraflex** má ekki þvo né rigna á þær næstu 24 klst, og þær verður að vernda gegn frosti og mikilli sól hið minnsta í 5-7 daga.

Punktlíming á einangrunarefnum

Til punktlímingar á hljóðdeyfiplötum eða einangrunarefni, berið **Keraflex** á með spaða eða múrskeldi.

Fúgun eða þétting

Samskeyti á veggjum má fúga eftir 4-8 klst og samskeyti á gólfi má fúga eftir 24 klst með sérstakri MAPEI sementsfúgu eða epoxýfúgu, sem er fánleg í mismunandi litum. Penslufúgum verður að loka með sérstökum MAPEI þéttiefnum.

POLIR LÉTTA GANGANDI UMFERÐ

Gólf þola létt gangandi umferð eftir um það bil 24 klst.

TILBÚÐ TIL NOTKUNAR

Yfirborð er tilbúið til notkunar eftir um það bil 14 daga.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

Í samræmi við:

- Evrópskan staðal EN 12004 svo sem C2TE
- Bandarískan ANSI A 118,4 - 1999
- Kanadískan 71 GP 30 M type 2

EINKENNI VÖRUNNAR

Gerð:	duft
\:	hvítur eða grár
Magnþéttleiki (kg/m³):	1.300
Purrefnisinnihald (%):	100
Geymsla:	12 mánuðir á flurrum stað í upphaflegum pakkningum. 24 mánuðir í 5 kg ÁL-pakkningum
Hættuflokkun í samræmi við EC 1999/45:	ertandi. Athugið fyrir notkun kafla "Öryggisleiðbeiningar fyrir undirbúning og lögn og upplýsingar á pakkningu og öryggisblaði
UPPG.KÓÐI:	EC1 R - með mjög lítilli losun rokgjarna lífrænna efna
Tollflokkun:	3824 50 90

SAMSETNING OG EIGINLEIKAR BLÖNDUNNAR (við +23°C og 50% hlutf.raka.)

Hlutfall blöndu:	100 hlutar Keraflex grátt með 29-31 hlutum vatns miðað við flyngd 100 hlutar Keraflex hvítt með 30-32 hlutum vatns miðað við flyngd
Lýsing á blöndu:	deigkennd
Þéttleiki á blöndu (kg/m³):	1.500
pH gildi blöndu:	13
Vinnslutími:	meira en 8 klst
Hitasvið við notkun:	frá +5°C til +40°C
Opinn tími (samkv. EN1346):	> 30 mínútur
Stillanlegur tími:	um það bil 60 mínútur
Tilbúin fyrir fúgun á veggjum:	eftir 4-8 klst
Tilbúin fyrir fúgun á gólfi:	eftir 24 klst
Þolir léttu gangandi umferð:	24 klst
Tilbúið til notkunar:	14 dagar

ENDANLEG FRAMMISTAÐA

Límstyrkur samkvæmt EN 1348 (N/mm²):	
– upphafleg líming eftir 28 daga:	1.8
– líming eftir áhrif frá hita:	1.7
– líming eftir að hafa verið sett í vatn:	1.2
– líming eftir ferli frosts/þíðu:	1.4
Viðnám gagnvart alkali:	framúrskarandi
Viðnám gagnvart olíu:	framúrskarandi (lélegt gagnvart jurtaolíum)
Viðnám gagnvart leysiefnum:	framúrskarandi
Hitastig við notkun:	frá -30°C til +90°C



Flís á flís með gráu Keraflex



Dæmi um lögn á postulinsflisum - Zanchetta verslunarmiðstöðin - Treviso (Ítalíu)



Lögn á froðuplastsplötum með hvítu Keraflex

Hægt er að fylla sundlaugar og potta eftir 21 dag.

Hreinsun

Verkfæri og ílát ætti að hreinsa með nægu hreinu vatni á meðan **Keraflex** er ennþá ferskt. Yfirborð ætti að hreinsa með rökum klút, áður en límið þornar.

ÞEKING

Líming á keramikflisum:

- Mósaík og litlar flisar almennt (spaði nr. 4): 2 kg/m²
- Venjulegar stærðir (spaði nr. 5): 2,5-3 kg/m²
- Stærri flisar, gólf utanhúss (spaði nr. 6): 5 kg/m²

Punktliming á einangrunarefni:

- Frauð, ofl, um það bil 0,5-0,8 kg/m²
- Gipsplötur, frauðsteypa: um það bil 1,5 kg/m²,

PAKKNING

Hvít og grátt **Keraflex** er fáanlegt í 20 kg pokum og 5 kílóa álpokum.

GEYMSLA

Hægt er að geyma **Keraflex** í 12 mánuði í eðlilegu umhverfi í upprunalegum pakkningum.

Framleitt í samræmi við reglugerðir og leiðbeiningar 2003/53/EC.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Inniheldur sement sem með snertingu við

svita eða aðra líkamsvökva getur valdið ertandi alkalíviðbrögðum og ofnæmi hjá þeim sem eru móttækilegir.

Notið hlífðarhanska og hlífðargleraugu.

Varðandi frekari upplýsingar sjá öryggisblað.

FYRIR IÐNAÐARMENN.

VIÐVÖRUN

Þótt tæknileg atriði og tilmæli sem fram koma með þessari vöru séu samkvæmt okkar bestu vitneskju og reynslu, þá ber að taka þessar upplýsingar í hverju tilfelli sem vísbendingu og staðfestingu á langri reynslu: vegna þessa verður hver sem ætlar að nota vöruna að tryggja að hún sé heppileg fyrir ætlaða notkun: í hverju tilfelli er það notandinn einn sem ber ábyrgð á afleiðingum sem notkun vörunnar leiðir af sér.



Þetta tákn er notað til að skilgreina MAPEI efni sem innihalda lítið magn rokgjarnra efna (VOC) einsog vottað er af GEV (Gemeinschaft Emissionskontrollierte Verlegewerkstoffe, Klebstoffe und Bauprodukte e.V.) sem eru alþjóðleg samtök til eftirlits með takmörkunum á rokgjörnum efnum notuðum í gólfagnir.



Skuldbindingar okkar í umhverfisvernd Yfir 150 mismunandi MAPEI vöruflokkar leggja hönnuðum og verktökum lið við hönnun og nýbyggingar sem eru LEED vottaðar af U.S. Green Building Council.

Öll afgreiðsla frá Rescon Mapei A/S er háð þeim sölu- og afgreiðsluskilmálum sem eru í gildi og skoðast samþykkt við pöntun efnisins